

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 31. mars 2026

Mál nr. S-112/2026:

Héraðssaksóknari

(*Arnfríður Gígja Arngrímsdóttir aðstoðarsaksóknari*)

gegn

X

(*Arnar Kormákur Friðriksson lögmaður*)

(*Guðmundur St. Ragnarsson réttargæslumaður*)

Dómur

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Mál þetta, sem dómtekið var 3. mars 2026, var höfðað með ákæru, útgefinni af héraðssaksóknara 8. janúar 2026, á hendur X, kt. [...], ríkisborgara Kólumbíu, með dvalarstað að [...], Reykjavík, „fyrir eftirtalin brot framin aðfarnótt sunnudagsins 19. október 2025 í Reykjavík:

I

Tilraun til manndráps og húsbrot, með því að hafa í heimildarleysi farið inn á heimili A, kt. [...], í kjallaraíbúð í húsinu nr. [...] við [...] og inn í svefnherbergi A, þar sem hann lá sofandi í rúmi sínu, og veist að honum og stungið hann endurtekið með hnífi í höfuð og líkama og eftir að A vaknaði og náði að standa upp, haldið atlögunni áfram með hnífi og/eða kýlt með krepptum hnefum í bók hans, allt með þeim afleiðingum að A hlaut um eins sm sár á utanverðri hægri kinn, sem saumað var með þremur sporum, bólgu á hægri kinn og fjögur sár á hægri öxl, sem saumuð voru alls með fimm sporum.

Telst þetta varða við 211. gr., sbr. 20. gr. og 231. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Vopnalagabrot, með því að hafa á gangstétt í Stjörnugróf, við Jöldugróf, borið á almannaferi, án umbúða og falin innanklæða í aftanverðum buxnastræng, eftirlíkingu af skotvopni, en ákærði vísaði lögreglu á skotvopnið, í lögreglubifreið, eftir að hann var handtekinn.

Telst þetta varða við 1. gr. 21. gr., sbr. h. lið. 1. mgr. 2. gr., sbr. 1. mgr. 36. gr. vopnalaga nr. 16/1998, með síðari breytingum.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar. Krafist er upptöku á hnífsskafti, hnífssblaði, 2 stykkjum af Tamoxfeno Cinfa 20 mg töflum, 1 stykki af oxyNorm 5 mg töflu, 20 ml af óskilgreindum glærum vökva og eftirlíkingu af skotvopni, með vísan til 1. mgr. 69. gr. a. og 2. mgr. 69. gr. f almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 149/2009, 1. mgr. 37. gr. vopnalaga nr. 16/1998 og 6. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974.

Einkaréttarkrafa

Fyrir hönd A, kt. [...], er gerð sú krafa að ákærða verði gert að greiða honum miskabætur að fjárhæð kr. 5.000.000,- auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá tjónsdegi 19. október 2025 til þess dags er mánuður er liðinn frá dagsetningu bótakröfunnar og dráttarvaxta skv. 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags, sbr. 6. gr. vaxtalaga. Brotapoli gerir einnig þá kröfu að Guðmundur St. Ragnarsson, lögmaður, verði skipaður réttargæslumaður skv. 1. mgr. 42. gr. laga nr. 88/2008. Þá er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða hæfilegan kostnað vegna réttargæslu skv. ákvörðun dómsins, sbr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 217. gr. laga nr. 88/2008. Verði dómurinn ekki við þeirri kröfu að skipa brotapola réttargæslumann er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða lögmannskostnað brotapola við að koma kröfunni á framfæri og vegna hagsmunagæslu við meðferð málsins fyrir dómi skv. tímaskýrslu og málskostnaðarreikningi sem lögð verður fram við meðferð málsins. Krafan er gerð með vísan til 1. mgr. 176. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Auk þess er krafist virðisaukaskatts af málflytningu þóknun.“

2. Ákærði játar vopnalagabrot samkvæmt öðrum kafla ákæru og fellst á upptökkröfu ákæruvaldsins. Ákærði neitar að öðru leyti sök og krefst sýknu, en til vara að honum verði ekki gerð refsing. Til þrautavara krefst ákærði lágstu refsingar er lög leyfa. Þá krefst ákærði frávísunar bótakröfu, en til vara lækkunar bótafjárhæðar. Loks krefst ákærði hæfilegra málsvarnarlauna til handa verjanda sínum, sem greidd verði úr ríkissjóði ásamt öðrum sakarkostnaði.

Helstu málsatvik og sönnunarfærsla

3. Þann 19. október 2025 klukkan 00:56 barst lögreglu tilkynning frá brotapola um að maður hefði brotist inn til hans og ráðist á hann þar sem hann lá sofandi í rúmi sínu á heimili sínu að [...] í Reykjavík. Kom fram að árásaðili væri farinn af vettvangi. Voru þrjár lögreglubifreiðar þegar sendar á vettvang. Á vettvangi var brotapoli alblóðugur. Sjá mátti áverka á hægri öxl og í andliti hans sem líktust stunguáverkum, sem og blóð á andliti, öxl og maga. Brotapoli skýrði frá því á vettvangi og gagnvart lögreglumanni er fylgdi honum á bráðamóttökuna að hann hafi verið sofandi heima hjá sér þegar hann hafi heyrt eins og einhver hafi verið að banka hjá íbúum á efri hæðinni. Hann hafi síðan farið aftur að sofa. Stuttu síðar hafi hann vaknað við að sængin var rifin af honum og ráðist hafi verið á hann. Hann hafi verið kýldur ítrekað í öxlina og andlit. Hann hafi náð að

sparka frá sér og rífa í árásarmanninn sem hafi hlaupið út úr íbúðinni. Eftir árásina hafi hann staðið upp og séð að hann var alblóðugur og þá hringt á Neyðarlínuna. Árásarmaðurinn hafi verið svartklæddur með svarta grímu fyrir andliti. Brotapoli kvaðst ekki vita hver árásaraðilinn væri og taldi að hann hafi farið húsavillt. Var brotapoli fluttur á bráðamóttöku með sjúkrabifreið til frekari aðhlyningar. Kemur fram í lögregluskýrslu að hann hafi verið í miklu áfalli.

4. Á leiðinni á vettvang komu lögreglumenn á einni lögreglubifreiðinni auga á aðila sem gekk suður Stjörnugróf við Jöldugróf með rafhlaupahjól, svartklæddur, með svarta lambhúshettu á höfði, í svartri úlpu, svörtum buxum og í svörtum sokkum utan yfir skóna. Hélt hann á skafti af hníf sem var vafið inn í svartan sokk og á endanum var blóðugur pappír. Svaraði hann til lýsingar brotapola á árásarmanninum. Neitaði hann í fyrstu að segja á sér deili eða á hvaða ferðalagi hann væri. Var hann handtekinn klukkan 1:05 og fluttur á lögreglustöðina við Hverfisgötu. Reyndist um ákærða að ræða. Við öryggisleit fannst svört eftirlíking af skotvopni í buxnastreng ákærða. Var ákærði úrskurðaður í gæsluvarðhald samdægurs.
5. Á vettvangi ræddu lögreglumenn við nágranna brotapola á efri hæð hússins, sem kváðust hafa heyrt læti og öskur á neðri hæðinni eins og einhver hafi verið að slást, en síðan hafi þau heyrt eins og hurðin hafi lokast og einhver farið út.
6. Eftir að brotapoli kom heim af slysadeild sá hann hnífsblað undir kotta við rúmgaflinn í rúmi sínu, sem hann framvísaði til lögreglu síðar um daginn. Reyndist hnífsblaðið 8 cm langt. Við rannsókn lögreglu var blaðið borið við hnífsskaftið sem fannst á ákærða og dró lögregla þá ályktun að skafti og blaðið gætu tilheyrt hvort öðru.
7. Er lögregla spurði brotapola við skýrslutöku daginn eftir árásina hvort hann þekkti mann með nafni ákærða kvað brotapoli hann vera barnsföður dóttur sinnar. Var brotapoli grunlaus um að hann gæti hafa verið árásarmaðurinn.
8. Tæknideild lögreglu rannsakaði vettvang og ljósmyndaði. Tvö lífssýni voru tekin af aftanverðri vinstri ermi á úlpu sem ákærði klæddist við handtöku. Innihéldu þau bæði blóð sem var samkennt við DNA snið brotapola. Minnihluti sýnisins var samkenndur við DNA snið ákærða. Sýni úr vöndli sem ákærði var með í hendinni, sem samanstóð af sokk, hártægju, hnífsskafti og pappír, sýndi jákvæða svörun við blóðprófi sem var síðar samkennt við DNA snið brotapola. Blóðsýni af báðum hliðum hnífsblaðsins sem fannst á heimili brotapola voru einnig samkennd við DNA snið hans. Í íbúð brotapola var að finna mest af blóði á svefnherbergisgólfi við hlið rúms hans og á gangi íbúðarinnar framan við svefnherbergið. Þá voru blóðdropar á náttborði og náttlampa við hlið rúmsins og lítilsháttar blóð á vegg og hurðarkarmi svefnherbergisins.
9. Samkvæmt blóðsýnum úr ákærða og brotapola var hvorugur undir áhrifum áfengis eða vímuefna.

10. Lögregla aflaði gagna sem sýndu að farsími ákærða var tengdur sendum í nálægð við vettvang árásarinnar frá kl. 23:46 þann 18. október til kl. 1:12 þann 19. október 2025.
11. Lögregla framkvæmdi húsleit á heimili ákærða að Háaleitisbraut þar sem hann býr ásamt B systur sinni, manni hennar D og tveimur börnum B. Voru B og D á heimilinu. Kemur fram að þau hafi sagst vera með miklar áhyggjur af ákærða og hafi sagt hann vera búinn að haga sér undarlega upp á síðkastið, vera með ranghugmyndir og hafi talað um að meiða einhvern, en þau hafi ekki vitað hvern. Við húsleit voru haldlagðar þrjár töflur sem reyndust vera ein tafla merkt Oxy og tvær töflur merktar Tamoxifeno Cinfa.
12. Í læknisvottorði dags. 26. október 2025 kemur fram að brotaþoli hafi verið með um 1 cm sár á hægri kinn með virkri blæðingu. Kinnin hafi einnig verið bólgin. Fjögur sár hafi verið á hægri öxl, tveir L-laga skurðir um það bil 1x1 cm hvor um sig og tveir línulegir, um það bil 1 cm hvor um sig. Þrjú spor hafi verið saumuð í sár á hægri kinn og alls fimm spor í sár á hægri öxl. Í vottorðinu kemur fram að allir áverkanir geti samrýmst áverka eftir eggvopn. Brotaþoli megi teljast heppinn að hafa ekki fengið meiri áverka, en eggvopn geti valdið lífshættulegum áverka.
13. Lögregla rannsakaði innihald farsíma ákærða. Við rannsóknina kom m.a. fram að ákærði hafi sent skilaboð til óþekkts viðmælanda á tímabilinu kl. 18:20 til 18:25 umrætt kvöld 18. október 2025 sem hafi verið þýdd úr spænsku yfir á íslensku, en þar segi „En hún segir að það sé ekkert, að hún vildi bara spjalla, en ég veit að það var að svæfa eða drepa“, „Nú kemur þessi fáviti [...] og segir að ef hún drepur mig eða systur mína, þá muni hann biðja hana að giftast sér.“, „og svo segja þeir/þau/þær að þau ætli til Kólumbíu á eftir mömmu minni.“, „Ég byrjaði að finna fyrir einhverju svona frá því á mánudaginn 13 október.“. Síðan kl. 19:48 sendi ákærði á sama viðmælanda „Þetta var svo hún myndi deyja/ það var þannig að hún ætti að deyja.“ Klukkan 22:20 sama kvöld sendi B systir ákærða skilaboð á spænsku sem hafa verið þýdd sem „Skildi ég þetta rétt? Eða sagðir þú við mig að þú gætir drepíð mig? Ef mamma mín segir honum/henni eitthvað?“
14. Undir rannsókn málsins var ákærða gert að sæta geðrannsókn, sem framkvæmd var af Dr. E geðlækni sem dómkvödd var í því skyni. Í matsgerðinni greinir að ákærði hafi sýnt merki vægrar aðsóknarkenndar, en ekki að því marki að um aðsóknarranghugmyndi væri að ræða. Var það niðurstaða matsmanns að ákærði glími ekki við alvarlega geðröskun og að ekkert bendi til þess að hann hafi verið alls ófær um að stjórna gerðum sínum á verknaðarstundu, sbr. 15. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ekkert væri í heilsufarsgögnum sem útiloki að refsing gæti borið árangur, sbr. 16. gr. laganna.

Framburðir fyrir dómi

Verða nú raktir framburðir fyrir dómi að því marki sem þýðingu hefur.

15. *Ákærði* kvaðst hafa farið út umrætt kvöld til að fá sér ferskt loft. Hann hafi verið á hlaupahjól. Meðferðis hafi hann haft plastbyssu og hníf ef brotaþoli myndi gera eitthvað. Hann hafi síðan allt í einu verið kominn heim til brotaþola. Um ástæðu þess að hann fór

þangað kvaðst ákærði hafa upplifað skrátnar breytingar á hegðun sonar síns varðandi kynfæri sín árið 2024. Hann hafi spurt hann út í þetta og sonur hans hafi lýst hegðun af hálfu afa síns, brotþola, sem ákærði taldi ljóst að væri kynferðisleg misnotkun. Ákærði hafi ekki verið að hugsa um þetta fyrr en daginn sem árásin átti sér stað. Af þessari ástæðu hafi hann ákveðið að fara heim til brotþola til að gæta hagsmuna sonar síns. Hann hafi verið mjög sár og pirraður er hann hafi komið til brotþola. Hann hafi bara ætlað að hóta honum, en ekki skaða hann. Ákærði kvaðst hafa verið búinn að neyta áfengis nokkrum klukkustundum áður og það fari ekki vel saman við pirring. Síðar aðspurður kvaðst hann engra lyfja né fíkniefna hafa neytt og kannski drukkið einn bjór fyrr um kvöldið, en hann muni það ekki. Ákærði kvaðst almennt ekki ganga með vopn á sér, það hafi einungis verið í þetta skipti. Kvaðst hann hvorki muna eftir að hafa verið með hulið andlit né að hafa klætt sig í sokka utan um skóna.

16. Eftir að hann kom að heimili brotþoli kvaðst ákærði hafa beðið fyrir utan og fylgst með brotþola inn um glugga, en hann hafi annað hvort verið á gangi í íbúðinni eða að horfa á sjónvarpið. Síðar hafi ákærði bankað og enginn komið til dyra. Þá hafi hann tekið í húninn og dyrnar verið ólæstar og hann hafi gengið inn og farið inn í svefnherbergi og þrifið sængina af brotþola. Kvaðst hann ekki muna hvað gerðist svo, það hafi allt gerst svo hratt. Brotþoli hafi staðið upp og þeir tekist á. Ákærði hafi verið með byssuna í annarri hendi og hnífinn í hinn hendi til að hræða brotþola. Ætlunin hafi verið að fá brotþola til að gefa sig fram við lögregluna. Ákærði kvaðst ekki hafa vitað að hann hafi stungið brotþola. Kvaðst hann ekki muna hvort hann lamdi brotþola. Hann hafi ekkert sagt við brotþola. Sagðist hann hvorki muna eftir því þegar hann yfirgaf íbúðina né þegar hann var handtekinn. Aðspurður kvaðst ákærði ekki muna hvers vegna hann hafi beðið þar til brotþoli hafi verið lagstur til svefns í stað þess að ræða við hann strax.
17. Varðandi símasamskipti þennan dag kvaðst ákærði hafa verið að losa sig við pirring með því að skrifa í símann. Hann hafi talið sig vera í ChatGPT gervigreindarforritinu. Ákærði kvaðst ekki muna eftir að hafa sagt neinum frá hugsunum sínum varðandi son sinn og meinta misnotkun af hálfu brotþola.
18. Aðspurður um sögu sína og hagi kvaðst ákærði hafa flutt til Íslands 2012 eða 2013, þá að verða 13 ára, í fjölskyldusameiningu. Þau móðir hans hafi átt erfið samskipti. Hann hafi síðan verið settur í fóstur og eftir það búið hjá systur sinni. Barnsmóður sinni, dóttur brotþola, hafi hann kynnst um 2018 og þau eignast soninn F 2021. Sambandinu hafi lokið í árslok 2023.
19. Ákærði kvað líðan sína hafa verið slæma undanfarna mánuði. Hann vilji að mál sonar síns verði rannsakað. Hann segi frá þessu núna þannig að hægt verði að skoða málið. Það verði erfiðara seinna. Sonur hans hafi sýnt merki ótta er hann hafi lýst þessu fyrir ákærða. Ákærði kvaðst ekki muna hvers vegna hann hafi ekki tilkynnt lögreglu þetta á sínum tíma.
20. Aðspurður um fyrirliggjandi matsgerð vegna geðrannsóknar kvaðst ákærði kannast við að hafa hugsað um þetta mál varðandi son sinn í langan tíma og liðið illa yfir því. Kvaðst hann ekki muna ekki eftir að hafa sagt matsmanni að hann hafi talið taka of langan tíma

að leita til barnaverndar og að hann hafi viljað skaða brotþola til að halda uppi heiðri sonar síns.

21. Ákærði kvaðst ekki muna eftir að hafa sagt systur sinni að hann þyrfti að kenna brotþola lexíu. Hann hafi ekki rætt við neinn um það sem hann taldi brotþola hafa gert syni sínum. Hann hafi þó verið pirraður þetta kvöld og rætt það við systur sína.
22. Aðspurður kvaðst ákærði hvorki muna hvers vegna blóð hafi verið á fatnaði hans við handtöku, né hvort hnífurinn sem fannst á honum við handtöku hafi verið hnífurinn sem hann hafði meðferðis til brotþola. Þá kvaðst hann ekki muna eftir að hafa vafið sokki utan um hnífsskaftið.
23. *Brotþoli*, kvaðst tengjast ákærða þannig að hann væri barnsfaðir dóttur brotþola. Hann hafi nánast engin samskipti haft við ákærða fyrir árásina. Þeir hafi átt samskipti um fjórum mánuðum áður og þau hafi verið á góðum nótum. Brotþoli kvaðst hafa verið á vakt fyrr um kvöldið. Hann hafi fengið sér að borða, horft á einn þátt í sjónvarpinu og farið síðan að sofa. Hann hafi sofnað fljótlega. Hann hafi heyrt bank og reynt að átta sig á hvaðan það kæmi, en talið það vera tengt íbúð á efri hæð hússins og sofnað aftur. Síðan hafi hann vaknað við að sænginni hafi verið svipt af honum og hann hafi fyrst haldið að þetta væri sonur hans að grínast í honum. Síðan hafi hann fengið högg og reynt að spyrja hver þetta væri, en engin svör fengið. Hann hafi gripið í árásarmanninn og ekki vitað hvað hann hafi átt að gera. Högginn hafi hann fengið í andlit og öxl. Fyrsta höggið hafi komið í öxlina. Hann viti ekki hvenær hann hafi fengið höggið í andlitið, en það hafi gerst snemma í atburðarásinni. Þetta hafi verið hreinn sársauki, stunga en ekki högg. Hann hafi legið á hliðinni og enga björg sér getað veitt. Kvaðst hann aðspurður hvorki hafa náð að sparka í árásarmanninn né koma neinu höggi á hann. Hann hafi fengið högg í bakið er hann hafi reynt að snúa sér við. Síðan hafi hann reynt að rísa upp, en fundist hann ekkert geta gert. Hann hafi náð taki á árásarmanninum, haldið honum frá sér og öskrað á hann „Hvaða viðbjóður ertu!“ Myrkur hafi verið í herberginu og hann ekki séð manninn, en séð að hann hafi verið dökkur yfirlitum, en maðurinn hafi verið með grímu. Er hann hafi haldið manninum frá sér hafi hann aftur fengið högg, fundið mikinn sársauka og misst takið. Maðurinn hafi þá hlaupið út og brotþoli lokað hurðinni á eftir honum. Brotþoli kvaðst síðan hafa brotnað niður. Taldi brotþoli högginn hafa verið 12 til 13, en hann gæti ekki greint hvað hafi verið högg og hvað stungur. Hann hafi séð hníf útundan sér, en ekki séð neitt meira. Kvaðst hann ekki hafa orðið var við að hnífsskaftið hafi brotnað. Fljótlega eftir að hann hafi fengið högginn hafi hann áttað sig á að þetta væri hnífur, sársaukinn hafi verið mikill. Kvaðst brotþoli hafa óttast um líf sitt, hann hafi fundið að eitthvað alvarlegt væri að gerast. Hann hafi upplifað að hann ætti ekki möguleika og talið að hann væri að fara að deyja.
24. Eftir að gert var að sárum hans á bráðamóttöku kvaðst hann hafa gengið heim og þá fundið hnífsskaftið í rúminu.
25. Kvað brotþoli málið vera fjölskylduharmleik. Hann teldi ákærða ekki vera slæman mann, en hann eigi þó forsögu og hafi beitt dóttur brotþola andlegu og líkamlegu ofbeldi. Kvaðst brotþoli hafa upplifað erfiðar tilfinningar eftir þetta og átt erfitt með að

ræða líðan sína. Hann hafi verið óvirkur alkóhólisti í sjö ár, en farið að drekka aftur í skamman tíma eftir árásina. Hann hafi ekki leitað aðstoðar strax, en síðan leitað til Bjarkarhlíðar og fengið mikinn stuðning þar.

26. Aðspurður um framburð sinn hjá lögreglu kvaðst brotþoli telja sig hafa munað þetta betur þar. Kvað hann það rétt sem þar kom fram að hann hafi náð að komast upp úr rúminu og þá reynt að sparka ákærða frá sér en ekki hitt en hafi náð að ýta honum frá sér með löppinni og síðan standa upp og ná með hendinni í hálsmálið á ákærða. Síðan hafi högginn eða stungurnar haldið áfram og þá hafi hann misst takið og ákærði farið út. Kvaðst brotþoli halda að stungurnar hafi verið fimm til sex á meðan hann lá í rúminu, en viti ekki hve margar þær hafi verið í öxlina eftir að hann hafi náð að standa upp. Þetta hafi verið tilviljanakennd högg og hending ráðið því hvar þau hafi lent.
27. *Vitnið B, systir ákærða*, kvaðst þekkja brotþola lítið. Laugardagskvöldið 18. október sl. hafi ákærði komið heim af æfingu. Um sjö eða átta um kvöldið hafi hann komið til hennar í stofuna heima og byrjað að gráta. Honum hafi fundist einhver vera að meiða barnið hans, en ekki nefnt neinn aðila. Hann hafi ekki talað um að vilja skaða neinn í því sambandi. Ákærði hafi farið út síðar um kvöldið, en hún viti ekki hvert. Hann hafi verið dapur og grátandi. Hún viti ekki til þess að hann hafi átt neitt sökótt við brotþola. Þegar F, sonur ákærða, hafi komið í heimsókn hafi hann orðið stressaður þegar þau nefndu nafn afa hans, brotþola, og eiginlega virst hræddur. Ákærði hafi nefnt við vitnið að hann héldi að brotþoli hafi beitt barnið kynferðisofbeldi. Þetta taldi vitnið hafa verið í júlí 2025. Henni hafi virst hann einlægur. Ákærði hafi ekkert rætt um að gera brotþola nokkuð vegna þessa. Ákærði hafi aldrei rætt um að skaða nokkurn mann. Hún viti ekki til þess að hann hafi gengið með vopn á sér. Hún hafi ekki haft neinar áhyggjur af ákærða dagana eða vikurnar á undan. Hann hafi verið dapur dagana á undan, en hún ekki tekið eftir neinu öðru óvenjulegu í fari hans. Hann ætti ekki sögu um ofbeldi svo hún vissi.
28. Þegar framburður vitnisins hjá lögreglu var borinn undir hana kvað hún túlkinn ekki hafa verið nógu góðan og hún hafi bent á það. Kannaðist hún ekki við að hafa sagt lögreglu að ákærði hafi sagt við sig umrætt kvöld að hann teldi að brotþoli væri að misnota F son sinn. Hún hafi átt við að ákærði hafi sagt að hann vildi að enginn skaðaði barnið. Kannaðist vitnið heldur ekki við að hafa skýrt lögreglu frá að ákærði hafi tjáð sér að hann ætlaði að „gefa honum lexíu“ né að hafa sagt nánar aðspurð af lögreglu um hvernig lexíu „Semsagt X sagði að hann myndi valda honum skaða“, né heldur að hafa sagt að ákærði ætlaði að „bíða eftir merki frá Völu“. Kannaðist vitnið ekki við að hafa tjáð lögreglu að ákærði hafi oft haft á orði að hann ætlaði að valda brotþola skaða. Kannaðist vitnið heldur ekki við að hafa rætt þetta við sambýlismann sinn, D, en kannaðist við að hafa verið í algjöru áfalli þann 18. október og D hafi séð það. Þetta hafi verið vegna þess að ákærði hafi haft áhyggjur af að einhver væri að meiða barnið. Hann hafi ekki svarað símanum og hún haft áhyggjur af að hann myndi skaða sjálfan sig. Þá kvaðst hún ekki hafa skýrt lögreglu frá því að þau D hafi alltaf falið alla hnífa þegar þau færu út eftir að ákærði hafi talað um að einhver væri að gera syni hans illt, heldur einungis að þetta kvöld hafi þau verið búin að fela alla hnífana.

29. *Vitnið D, mágur ákærða*, kvaðst ekkert hafa rætt við ákærða þetta kvöld. Vitnið B hafi sagt vitninu frá samskiptum sínum við ákærða. Hún hafi verið í uppnámi og með áhyggjur af ákærða er vitnið kom heim rétt áður en ákærði fór út. Hún hafi nefnt að ákærði hafi verið reiður og að hann ætlaði að gera eitthvað. Vitnið hafi ekki spurt hvað væri í gangi. Vitninu hafi ekki verið kunnugt um neinar grunsemdir um kynferðislega misnotkun brotþola gagnvart F. Um mánuði fyrir þetta kvöld hafi hann rætt augliti til auglitis við ákærða, sem hafi sagt að til væri vont fólk í heiminum og að hann þyrfti að gera eitthvað í því. Hann hafi aldrei nefnt brotþola í því sambandi. Hann hafi rætt þetta við vitnið B og hún hafi sagt ákærða eiga það til að segja svona hluti við sig. Vitnið sagðist hafa haft áhyggjur af að ákærði hafi verið æstur þetta kvöld og að hann gæti hugsanlega skaðað þau. Því hafi hann falið hnífana á heimilinu þetta kvöld. Þau hafi bæði haft áhyggjur af ákærða. Vitnið hafi verið nokkuð hræddur við ákærða. Hann hafi einnig óttast að ákærði gæti skaðað sjálfan sig. Þau hafi óttast að eitthvað myndi gerast.
30. Staðfesti vitnið að hafa greint lögreglu frá því að B hafi verið grátandi er hann kom fram í stofu eftir að hafa verið að svæfa dóttur þeirra. B hafi sagt að ákærði væri með þá tilfinningu að einhver væri að fara að meiða son hans og nefnt móðurafa hans, brotþola, í því sambandi. Ákærði hafi verið með ranghugmyndir fyrir umrætt kvöld. Ákærði hafi undanfarið verið með miklar ranghugmyndir um að hinir og þessir væru að gera eitthvað slæmt og að hann þyrfti að stöðva þá. Með því ætti hann við að meiða, svæfa eða koma viðkomandi af jörðinni. Kannaðist vitnið við að hafa tjáð lögreglu að B hafi sagt sér að ákærði hafi sagt áður en hann fór út þetta kvöld að hann þyrfti að gera eitthvað við brotþola.
31. *Vitnið G, vinkona ákærða*, kvaðst hafa þekkt hann síðan 2016. Hún hafi hitt ákærða umræddan laugardag og einnig heyrt í honum símlíðis á fimmtudeginum og þótt hann ólíkur sjálfum sér, honum hafi verið mikið niðri fyrir. Er þau hittust hafi henni fundist ákærði með ranghugmyndir varðandi veru sína á Íslandi, hvers vegna hann hafi komið hingað. Hann hafi til dæmis haldið því fram að vitnið hafi sótt hann til Kólumbíu og flutt hann þaðan til Íslands. Einnig hafi hann nefnt nokkur atvik á Stuðlum sem hafi ekki staðist, en vitnið starfaði þar. Hann hafi verið frekar rólegur, en hækkað róminn einu sinni í samtali þeirra. Hún hafi verið frekar óróleg og hrædd um að hann gerði sjálfum sér mein. Hann hafi ekkert rætt um son sinn eða áhyggjur af að einhver ætlaði að skaða hann. Hann hafi ekki verið merkjanlega undir neinum áhrifum. Á Stuðlum hafi hann verið til fyrirmyndar, komið vel fram við aðra og hugsað vel um herbergið sitt. Hann hafi alltaf verið yfirvegaður.
32. *Vitnið H, vinkona ákærða*, kvaðst hafa þekkt ákærða frá því hann kom til landsins, en dóttir vitnisins hafi verið að aðstoða fjölskylduna við fjölskyldusameiningu. Ákærði kalli hana „ömmu“. Hann hafi alltaf verið mjög hjálplegur og hlýr. Hún hafi rætt við hann föstudaginn fyrir umrætt kvöld. Hún hafi ekki skilið hann alveg. Henni hafi fundist honum vera mikið niðri fyrir, en ekki geta tjáð sig. Þetta hafi snúist mikið um kirkjuna, en hún ekki áttað sig á hvað þetta þýddi. Kvaðst vitnið hafa haft áhyggjur af að eitthvað væri að. Hún hafi ekki vitað til þess að ákærði hafi haft áhyggjur af F fyrir þetta atvik.

Þau hafi verið mikið í samskiptum um sumarið og hún upplifað að ákærða liði vel og væri í góðu jafnvægi.

33. *Vitnið I, barnsmóðir ákærða og dóttir brotþola*, kvaðst hafa hitt ákærða á fimmtudeginum fyrir umrætt kvöld. Hann hafi verið í ójafnvægi, óttast að honum yrði vísað úr landi og verið „aggressívur“. Hann hafi viljað giftast henni til að geta verið áfram í landinu. Hann hafi á endanum tekið hana hálstaki og þvingað hana til að kyssa sig. Þau hafi bæði hækkað róminn og hún rekið hann úr bílnum. Hún hafi farið út og ákærði læst bílnum. Sonur þeirra hafi orðið mjög hræddur og hún hafi síðan öskrað á ákærða og hann opnað bílinn. Þau hafi síðan verið í samskiptum á föstudeginum og hún sagt ákærða að sonur þeirra hefði farið í sumarbústað með langömmu sinni og langafa. Um klukkan níu á föstudagskvöldið hafi hún sent honum skilaboð og beðið hann að láta bræður hennar í friði. Þau hafi rifist eitthvað í símann. Um morguninn hafi hún séð skilaboð frá honum „þú sérð“. Kvað hún þau hafa átt erfitt samband og það hafi tekið hana tíma að losna úr því. Ákærði hafi verið með hótanir og ranghugmyndir gagnvart henni í langan tíma. Þau hafi hætt saman 2021.
34. Ákærði og brotþoli hafi haft lítil samskipti í gegnum tíðina. Þeir hafi hist þegar drengurinn hafi átt afmæli og stundum í mat. Samskipti þeirra hafi verið kurteisleg. Ákærði viti að alkóhólismi hafi verið á æskuheimili vitnisins. Faðir hennar hafi verið í ójafnvægi og grátið undir áhrifum en ekki verið ofbeldishneigður og aldrei beitt vitnið ofbeldi. Ákærði hafi aldrei nefnt að hann hefði áhyggjur af að einhver væri að skaða son þeirra. Hann hafi hins vegar ásakað hana um að vera ekki góð móðir og hótað að taka barnið af henni. Vitnið kvað ákærða hafa mislíkað þegar F hafi hitt brotþola, en hann hafi aldrei sagt henni hvers vegna. Henni hafi fundist eins og hann vildi ekki að F væri einn með föður hennar.
35. *Vitnið J, læknir á Landspítalanum*, læknanúmer 1348, kveðst hafa skoðað brotþola í umrætt sinn á slysideild. Hann hafi verið talsvert blóðugur við komu og virk blæðing verið frá kinn. Þeir hafi kannað hvort lífshættulegir áverkar væru til staðar, svo sem í brjóstholi eða öndunarvegi. Ekki hafi greinst áverkar á æðum eða innvortis. Brotþoli hafi sloppið við áverka á stærri líffæri, en áverka á kinn hafi fylgt mikil blæðing. Sauma hafi þurft áverkann saman. Stórar æðar liggi undir holhönd, en stungur á brotþola hafi verið á utanverðri öxlinni. Áverkar á öxlinni hafi verið grunnir, ekki náð inn í vöðva en í gegnum húð. Erfitt sé að segja til um höggþunga. Stungur í stærri æðar geti valdið skjótum dauða. Áverkar á æð undir viðbeini geti verið hættulegir. Enginn áverka brotþola hafi verið þess eðlis að hann væri í bráðri lífshættu. Áverki á kinn hafi verið blæðandi, en það hefði tekið langan tíma að blæða út þó ekkert hefði verið að gert. Um hafi verið að ræða þverskurð sem nái niður í vöðva. Dýptin og blæðingin tali frekar fyrir stungu, en högg geti valdið því að sár opnast. Sljótt áhald hefði frekar valdið mari eða innvortis blæðingu. Sárið hafi ekki náð í gegn og inn í munnhol. Vitnið staðfesti að hafa ritað fyrirbyggjandi læknisvottorð. Alls hafi verið merki um fimm stungusár á brotþola. Maráverkar geti komið seinna fram og því ekki sjáanlegir við skoðun á bráðamóttöku.

36. *Vitnið K, geðlæknir*, staðfesti matsgerð sína um geðrannsókn á ákærða. Niðurstaða hennar væri sú að hann hafi verið með aðsóknarkennd, en hann hafi verið fullfær um að stjórna gerðum sínum á verknaðarstundu. Ástand ákærða nái ekki þeim styrkleika að flokkast sem ranghugmyndir. Ekki hafi verið um önnur geðrofseinkenni að ræða. Hann hafi lýst því í stuttu máli að hafa hugsað um verknaðinn vikurnar á undan. Hann hafi velt fyrir sér hvaða afleiðingar það myndi hafa. Hann hafi upplifað að honum fyndist hann þurfa að verja son sinn. Hann hafi verið samkvæmur sjálfum sér í frásögn. Varðandi samskipti í síma hafi ákærði skýrt frá því að hann hafi talið sig eiga samskipti við gervigreind, en ekki fengið svör þaðan og þá farið til brotaþola til að fá útrás. Hann hafi verið búinn að hugsa um að hræða brotaþola, en ekki endilega hvernig. Matsgerðin innihaldi samantekt hennar á samtölum við ákærða, en ekki sé um orðréttar tilvitnanir að ræða.
37. Uppþökur af ákærða beint eftir verknaðinn gefi ekki til kynna að hann hafi verið í „psýkótísku“ ástandi. Hann hafi virst pollrólegur og lýsi því ekki sjálfur að hann hafi verið í slíku ástandi. Ákærði hafi átt erfitt með að ræða æsku sína, en ekki hafi verið erfitt að ræða við hann að öðru leyti. Hann hafi getið um að hafa upplifað sjálfur misnotkun í æsku. Vitnið kvaðst ekki hafa fengið á tilfinninguna að ákærði væri að gera sér upp þá trú sína að sonur hans hafi orðið fyrir misnotkun.
38. Ákærði hafi tjáð henni að hann hafi ekki viljað drepa brotaþola heldur særa hann. Taldi vitnið hann ekki hafa verið búinn að ákveða fyllilega hvað hann hafi ætlað að gera er hann kæmi til brotaþola. Varðandi klæðaburð hafi ákærði sagst almennt vera svona klæddur er hann væri á hlaupahjólínu.
39. *Vitnið rannsóknarlögreglumaður nr. [...]* rannsakaði innihald síma ákærða. Þar hafi verið samskipti á Snapchat sem hafi verið sérkennileg og bent til að hann ætti þar í samskiptum við sjálfan sig. Vitnið staðfesti að erfiðleikar hafi verið með túlkun við skýrslutöku af systur ákærða, en hún hafi þá gert athugasemdir við orðaval túlksins og notað þýðingarforritið Google translate í síma sínum. Efnislega hafi verið rétt eftir henni haft í skýrslu um yfirheyrsluna.
40. *Vitnið lögreglumaður nr. [...]* kvaðst hafa verið kallaður á vettvang vegna innbrots og líkamsárásar. Þeir hafi átt í erfiðleikum með að finna nákvæma staðsetningu og farið of langt og þá rekist á ákærða, sem hafi haldið á hnífsskafti umvöfðu í sokk og pappír sem á hafi verið blóð. Hann hafi verið alveg svartklæddur og í sokkum utan yfir skóna. Ákærði hafi virkað kaldur og tilfinningalaus eins og þetta hefði engin áhrif haft á hann. Hann hafi ekkert tjáð sig og ekki gefið á sér deili fyrir en á lögreglustöðinni.
41. *Vitnið lögreglumaður nr. [...]* kvaðst hafa ljósmyndað vettvang innan og utanhúss. Mest af blóði hafi verið í svefnherberginu. Hann hafi tekið sýni af blóðinu. Þeir hafi ekki fundið vopn á vettvangi, en þeir hafi ekki leitað nægilega vel í rúminu. Þeir hafi ljósmyndað rúmið, tekið sængina af og ljósmyndað rúmið og undir rúminu. Koddinn hafi farið fram hjá þeim. Áverkar hafi ekki fundist á ákærða, en blóðkám fundist á vinstri hendi hans. Hann hafi verið mjög þögull. Kurteis, rólegur og hlýtt fyrir mælum. Kvaðst

vitnið ekki minnst þess að blóð hafi verið í rúmi og koddum. Í minningunni hafi hann flett sænginni upp og skoðað þar undir, en taldi sig ekki hafa lyft koddunum upp.

42. *Vitnið sérfræðingur í tæknideild LRH nr. [...]* staðfesti rannsókn sína á meintum vopnum og fatnaði ákærða. Ákærði hafi verið í úlpu, ekki peysu eins og standi í skýrslunni. Blóðkám hafi fundist á úlpunni. Niðurstaða DNA rannsóknar hafi leitt í ljós að blóðsýni úr pappír sem vafinn hafi verið um hnífsskaft sem fannst á ákærða hafi verið úr brotaþola. Vitnið staðfesti skýrslur sínar um rannsókn á fatnaði ákærða og sýni á höndum ákærða, ljósmyndaskýrslu af fatnaði ákærða, ljósmyndaskýrslu af haldlögðum vopnum, rannsókn á haldlögðum vopnum og skýrslu um niðurstöðu DNA rannsóknar og sendingu sýna til rannsóknar.
43. *Vitnið sérfræðingur í tölvurannsóknardeild nr. [...]* staðfesti rannsókn á síma ákærða, sem m.a. hafi leitt í ljós að ákærði hafi sent sjálfum sér skilaboð í Snapchat.

Niðurstaða

44. Ákærða er í máli þessu gefið að sök tilraun til manndráps, húsbrot og vopnalagabrot. Ákærði hefur játað sök varðandi vopnalagabrot og er með játningu hans og öðrum gögnum málsins sannað að hann hafi framið það eins og því er lýst í ákæru og er þar réttilega heimfært til refsíákvæða.
45. Að öðru leyti hefur ákærði neitað sök. Á ákæruvaldinu hvílir sönnunarbyrði um atvik máls og ásetning ákærða til að ráða brotaþola bana, sbr. 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Verður hann því aðeins sakfelldur að nægileg sönnun, sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum, teljist fram komin um hvert það atriði er varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, þar á meðal hvaða sönnunargildi skýrslur ákærða hafi, vitnisburðir, mats- og skoðunargerðir, skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn, sbr. 1. mgr. 109. gr. laganna.
46. Ekki nýtur við vitna í málinu að hinni meintu árás heldur stendur sakarneitun ákærða gegn framburði brotaþola. Verður þá metið sönnunargildi sakarneitunar ákærða, sbr. 115. gr. laga nr. 88/2008, andspænis sönnunargildi vitnisburðar brotaþola, sbr. 126. gr. laganna. Þegar metinn er framburður ákærða eða brotaþola, að gættum þessum lagaákvæðum, verður að huga að innra samræmi framburðar, bæði fyrir dómi og hjá lögreglu, með tilliti til þess hvort mótsagna gæti í frásögn þeirra. Samhliða verður að kanna ytra samræmi framburðar sem beinist að því að virða hann í ljósi annarra gagna og upplýsinga sem komið hafa fram við meðferð málsins.
47. Ákærði hefur viðurkennt að hafa farið reiður og pirraður að heimili brotaþola umrætt kvöld og fylgst með honum inn um glugga þar til brotaþoli hafði slökkt ljósin og gengið til náða. Hann hafi síðan farið inn í íbúðina vopnaður hnífi í annarri hendi og eftirlíkingu af byssu í hinni og gengið inn í svefnherbergi brotaþola og svipt af honum sænginni. Um atvik eftir það bar ákærði að mestu við minnisleysi, en sagði brotaþola hafa staðið upp og að þeir hafi tekist á. Kvaðst hann hvorki muna eftir að hafa stungið brotaþola né lamið

hann. Hann hafi ekkert sagt við brotaþola. Á rannsóknarstigi tók lögregla þrjár skýrslur af ákærða en hann tjáði sig ekki um hvort hann hafi farið inn til brotaþola. Í matsgerð geðlæknis sem framkvæmdi geðrannsókn á ákærða kemur fram að ákærði hafi skýrt frá því að hann hafi farið inn í íbúðina, rífið sængina af brotaþola og stungið hann fjórum sinnum og síðan yfirgefið íbúðina. Ber breytileg frásögn ákærða með sér að hann leitist við að hagræða henni eftir því sem hann telur henta hverju sinni og verður að virða framburð hans í því ljósi. Um þau atriði sem ákærði tjáði sig um fyrir dómi var að mestu samhljómur við frásögn brotaþola.

48. Framburður brotaþola hefur í meginráttum verið stöðugur og greinargóður. Frá upphafi hefur hann greint frá því að ráðist hafi verið á hann með höggum þar sem hann lá varnarlaus í rúminu og hann hafi upplifað að hann gæti enga björg sér veitt, en á endanum náð að snúa sér við og náð taki á árásarmanninum og tekist að ýta honum frá sér. Högginn hafi síðan haldið áfram, hann hafi misst takið og maðurinn þá hlaupið út. Að mati dómsins hefur brotaþoli verið einlægur og trúverðugur í frásögn sinni af atvikum. Rýrir það ekki trúverðuleika brotaþola þó hann hafi fyrst skýrt frá því fyrir dómi að hann telji sig hafa séð hníf útundan sér. Hefur það heldur ekki þýðingu þó brotaþoli gæti ekki gert grein fyrir nákvæmum fjölda högga eða í hvaða röð þau hafi komið, enda atburðarásin sýnilega hröð og fyrirvaralaus. Af hans hálfu kom hreinskilnislega fram að hann gæti ekki greint á milli hvað hafi verið högg og hvað stungur, en fram kom að fyrsta höggið hafi lent í öxlinni og hann hafi snemma í atburðarásinni fengið högg í andlitið sem hann taldi vera stungu. Samkvæmt fyrirliggjandi áverkavottorði liggur fyrir að brotaþoli hlaut fjögur stungusár á öxl og eitt í hægri kinn. Högginn kunna að hafa verið fleiri eftir að hnífsskaftið brotnaði frá skaftinu í atlögunni. Eru ekki efni til annars en að leggja frásögn brotaþola af atlögunni til grundvallar. Var árásin fyrirvaralaus og ofsafengin. Eins og fram kemur í áverkavottorði má teljast mildi að brotaþoli hafi ekki slasast meira en raun ber vitni, enda hafnaði ein stungna í andliti brotaþola og fjórar í öxl, en myrkur var í herberginu. Gátu stungurnar hæglega lent í hálsi, brjósthóli eða slagæð. Árásarmanninum hlaut að vera ljóst að endurteknar hnífstungur hans gætu verið lífshættulegar fyrir brotaþola.
49. Eins og rakið er að framan fann lögregla ákærða skammt frá vettvangi stuttu eftir árásina þar sem hann hélt á hnífsskafti sem rannsókn leiddi í ljós að passaði við hnífsskaftið sem fannst í rúmi brotaþola. Þá fannst blóð úr brotaþola í fatnaði ákærða og á pappírsvöndli sem vafinn var um hnífsskaftið. Er hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi ráðist á brotaþola í svefnherberginu með hnífnum eftir að hann fór inn í íbúð hans.
50. Ákærði hefur borið því við að hann hafi einungis ætlað að hræða brotaþola og fá hann til að gefa sig fram við lögregluna vegna þeirrar sannfæringar ákærða að brotaþoli hafi misnotað son hans. Áfengisneysla hafi spilað inn í hugarástand hans. Samkvæmt blóðrannsókn voru engin merki um neyslu áfengis eða annarra vímuefna í blóði ákærða og stenst því ekki framburður hans um áfengisáhrif. Sú staðreynd að hann fór

grímuklæddur inn í íbúðina og sagði ekki orð við brotþola samræmist heldur ekki þeirri frásögn að hann hafi ætlað að fá brotþola til að gefa sig fram við lögreglu. Gat ákærði engar trúverðugar skýringar gefið á klæðnaði sínum, en eins og rakið er að framan var hann með lambhúshettu, klæddist svörtum sokkum yfir skóna og hafði vafið svörtum sokki yfir hnífsskaftið með pappír á endanum. Blasir við að tilgangur ákærða var að dylja hver hann væri og torvela lögreglu öflun annarra sönnunargagna er tengt gætu ákærða við brotið. Sú háttsemi ákærða að biða fyrir utan húsið þangað til brotþoli hafði slökkt ljósin og lagst til svefns og fara síðan inn í íbúðina með hníf á lofti og ráðast umsvifalaust á brotþola liggjandi í rúminu samræmist heldur ekki skýringu hans.

51. Við geðrannsókn kvaðst ákærði hafa ætlað að skaða brotþola til að halda uppi heiðri barnsins og sjálfs sín, en hafi ekki ætlað að drepa hann. Þetta hafi hann verið búinn að hugsa um lengi. Systir ákærða, B, skýrði lögreglu frá því að ákærði hafi tjáð henni að hann ætlaði að skaða brotþola vegna gruns um misnotkun á syni hans. Breyttur framburður vitnisins fyrir dómi þykir ótrúverðugur og ber þess merki að hún hafi viljað draga taum ákærða. Þrátt fyrir að erfiðleikar hafi verið við túlkun framburðar vitnisins á rannsóknarstigi þá kemur fram að vitnið hafi gert athugasemdir og leiðréttingar þegar ástæða var til. Þá staðfesti ákærði í skýrslugjöf hjá lögreglu 22. október 2025 að það væri rétt sem fram kæmi í framburði systur hans um hvað hann hafi tjáð henni um fyrirætlanir sínar gagnvart brotþola. Framburður D, sambýlismanns systur ákærða, staðfestir einnig að rétt hafi verið eftir henni haft um þau orð ákærða að skaða brotþola. Þau hafi haft áhyggjur af hugarástandi ákærða og því falið hnífa heimilisins. Lögreglumenn sem handtóku ákærða skömmu eftir árásina báru um að hann hafi verið mjög rólegur. Ákærði skýrði frá því við geðrannsóknina að hann hafi haft fullan stjórn á sér og hafi verið meðvitaður um að hann færi í fangelsi fyrir verknaðinn en vildi engu að síður skaða brotþola.
52. Samkvæmt heildstæðu mati á öllu framangreindu telst sannað að ákærði hafi haldið heim til brotþola í þeim tilgangi að valda honum líkamlegum skaða. Ósannað er að hann hafi verið búinn að gera það upp við sig að bana brotþola er hann hélt heim til hans. Hann beitti hins vegar hættulegu vopni sem hann beindi endurtekið að viðkvæmu líkamssvæði brotþola í myrkvudu herbergi og af slíkum ofsa að hnífblaðið brotnaði frá skaftinu. Brotþoli hlaut alls fimm stungur, en ákærði hefur borið að hann hafi ekki gert sér grein fyrir að blaðið hafi brotnað og bendir ekkert til þess að hann hafi hætt atlögunni þegar blaðið brotnaði, en brotþoli bar um að hafa hlotið fleiri högg. Hlaut ákærða að vera ljóst að háttsemi hans væri til þess fallin að valda bana, en hann lét sér afleiðingarnar hins vegar í léttu rúmi liggja. Verður því fallist á það með ákærvaldinu að skilyrði um ásetning sé uppfyllt í málinu og ákærði hafi gerst brotlegur við 211. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga.
53. Fyrir liggur að ákærði fór óboðinn inn í íbúð brotþola og gerðist með því sekur um húsbrott, sbr. 231. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing, skaðabætur, upptökukrafa og sakarkostnaður.

54. *Ákvörðun refsingar.* Ákærði er fæddur árið [...] og er því [...] ára. Sakaferill ákærða, sem metinn er sakhæfur, hefur ekki þýðingu við ákvörðun refsingar í máli þessu.
55. Samkvæmt 211. gr. almennra hegningarlaga er lágmarksrefsing fyrir manndráp fimm ára fangelsi. Refsirammi fyrir tilraun er hinn sami og fyrir fullframið brot, sbr. 1. mgr. 20. gr. laganna. Ekki eru efni til að færa refsingu niður fyrir framangreint lágmark á grundvelli 2. mgr. 20. gr. laganna. Sú trú ákærða, sem virðist hafa þróast um margra mánaða skeið, að brotþoli hafi brotið gegn syni hans getur ekki haft áhrif á ákvörðun refsingar. Ekkert í matsgerð hins dómkvadda matsmanns styður þá vörn ákærða að ákvæði 75. gr. eða 1. tl. 1. mgr. 74. gr. geti átt við í málinu. Á ákærði sér engar málsbætur. Eins og rakið er að framan bera gögn málsins með sér að ákærði hafi undirbúið atögu sína að brotþola og vilji hans til að skaða brotþola hafi verið einbeittur. Beitti hann hættulegu vopni gegn lífi og heilsu brotþola. Er verknaðurinn til þess fallinn að valda brotþola andlegri áþján og vanlíðan. Ákærði hefur enga iðrun sýnt. Við ákvörðun refsingar ber að horfa til ákvæða 1., 2., 3., 6., 7. og 8. töluliðar 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt 77. gr. laganna verður ákærða gerð refsing í einu lagi fyrir brot þau sem hann hefur verið sakfelldur fyrir. Þykir refsing ákærða samkvæmt framangreindu og dómaframkvæmd í sambærilegum málum hæfilega ákveðin fangelsi í 5 ár. Frá refsingunni ber að draga gæsluvarðhald sem hann hefur sætt frá 19. október sl.
56. *Einkaréttarkrafa.* Með vísan til niðurstöðu dómsins um refsíabyrgð á því broti sem ákærði hefur verið sakfelldur fyrir á brotþoli rétt á miskabótum, sbr. 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Var háttsemi ákærða til þess fallin að valda brotþola ótta um líf sitt og velferð. Til þess ber að líta að ákærði réðist með fólkskulegum og ofsafengnum hætti á brotþola þar sem hann lá sofandi í rúmi sínu og átti sér einskis ills von. Ekki hafa verið lögð fram gögn um sálrænar afleiðingar af broti ákærða, en brot af þessu tagi eru almennt til þess fallin að valda mikilli andlegri áþján og eru ekki efni til að draga í efa framburð brotþola um að hann hafi átt erfitt í kjölfar árásarinnar. Þá eru nán fjölskyldutengsl til þess fallin að auka afleiðingar brotsins. Með hliðsjón af framangreindu og dómaframkvæmd þykja miskabætur hæfilega ákveðnar 2.500.000 króna.
57. Verður fallist á vaxtakröfur brotþola eins og nánar greinir í dómsorði. Upphafstími dráttarvaxta miðast við birtingu fyrirkalls í málinu 15. janúar 2026.
58. *Upptökukrafa.* Með vísan til þeirra lagaákvæða sem tilgreind eru í ákæru er fallist á upptökukröfu ákæruvaldsins eins og í dómsorði greinir.
59. *Sakarkostnaður.* Eftir úrslitum málsins, sbr. 235. gr. laga um meðferð sakamála, greiði ákærði útlagðan sakarkostnað 1.918.033 krónur, auk málsvarnarlauna og útlagðs kostnaðar skipaðs verjanda síns, Arnars Kormáks Friðrikssonar lögmanns, og þóknunar skipaðs réttargæslumanns brotþola, Guðmundar St. Ragnarssonar lögmanns, eins og mælt er fyrir um í dómsorði í báðum tilvikum að meðtöldum virðisaukaskatti.

60. Af hálfu ákærvaldsins flutti málið Arnfríður Gígja Arngrímsdóttir aðstoðarsaksóknari. Hlynur Jónsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í fimm ár. Til frádráttar refsingunni kemur gæsluvarðhald sem hann hefur sætt frá 19. október 2025.

Upptæk eru gerð hnífsskaft, hnífssblað, 2 stykki af Tamoxfeno Cinfa 20 mg töflum, 1 stykki af oxyNorm 5 mg töflu, 20 ml af óskilgreindum glærum vökva og eftirlíking af skotvopni sem lögregla haldlagði við rannsókn málsins.

Ákærði greiði brotþola, A, 2.500.000 krónur, auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 19. október 2025, til 15. janúar 2026, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnars Kormáks Friðrikssonar lögmanns, 3.940.410 krónur og 50.760 krónur vegna útlagðs ferðakostnaðar lögmannsins, og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola, Guðmundar St. Ragnarssonar lögmanns, 1.272.240 krónur, og 1.918.033 krónur í annan sakarkostnað.